



Borgarráð

Aðstæður í Grindavík vegna yfirvofandi eldgoss

Almannavarnir hafa lýst yfir neyðarstigi vegna náttúruhamfara á Reykjanesi. Grindavík hefur verið rýmd. Vegna þessarar alvarlegu stöðu er lagt til við borgarráð að Reykjavíkurborg greiði götu bæjarstjórnar Grindavíkur og Grindvíkinga og aðstoði eins og hægt er við þessar hörmulegu aðstæður. Bæjarskrifstofum Grindavíkurbæjar og bæjarstjórn hefur nú þegar verið boðið aðsetur í Ráðhúsinu.

Þá er lagt er til að fagsviðum borgarinnar og miðlægri stjórnsýslu verði falið að útfæra tillögur til að greiða aðgengi íbúa Grindavíkur að þjónustu Reykjavíkurborgar eins og kostur er og í samræmi við formlegar óskir almannavarna. Lagt er til að Grindvíkingum verði boðið að nýta sér sundlaugar borgarinnar og söfn, sér að endurgjaldslausu. Sama gildi um Fjölskyldu- og húsdýragarðinn. Þá er óskað eftir því að borgarráð staðfesti samþykkt umhverfis- og skipulagsráðs frá 15. nóvember sl. um að veita Bílastæðasjóði, tímabundna heimild vegna ríkjandi neyðarástands, til að víkja frá reglum um íbúakort.

Greinargerð:

Í ljósi þess alvarlega ástands sem nú ríkir í Grindavík þar sem íbúarnir hafa þurft að yfirgefa bæinn sinn í flýti og flytja inn á heimili ættingja, vina og vandalausra þá ríkir mikil óvissa um framtíðina og ekki síst um afkomu fólks. Gera má ráð fyrir því að flestir íbúar Grindavíkur búi í Reykjavíkurborg og höfuðborgarsvæðinu öllu við þessar aðstæður.

Almannavarnir hafa yfirsýn og verkstýra viðbrögðum stjórnvalda á neyðarstigi. Reykjavíkurborg hefur lýst sig tilbúin til allrar þeirrar aðstoðar sem mögulegt að veita svo íbúum Grindavíkur megi líða sem best hér í samræmi við óskir almannavarna. Mikilvægt er bæjarstjórn Grindavíkur fái allan þann stuðning sem til þarf við þessar hörmulegu aðstæður og fái jafnframt svigrúm til þess að meta og ákveða hvaða leiðir er farsælastar fyrir íbúa Grindavíkur með stuðningi borgarinnar og samfélagsins alls.

Stjórnsýsla Grindavíkurbæjar hefur þegar fengið aðstöðu í Ráðhúsi og fái þá aðstoð og stuðning sem til þarf til að halda henni gangandi. Eftir fund með sviðstjórum fræðslumála á vettvangi almannavarna höfuðborgarsvæðisins var í upphafi vikunnar ákveðið að vera með verkaskiptingu milli sveitarfélaganna til að virkja sem flesta og dreifa verkefnum. Þannig setji sveitarfélögin fólk í teymi eins og þau hafa ráðrúm til. Ekki er krafa að þau setji mannskap í öll teymi en sveitarfélögin séu tilbúin að afla allra upplýsinga og veita teymunum. Það sveitarfélag sem skrifað er fyrir teymi stýrir gagnaöflun og yfirsýn yfir málaflökkinn og mótar tillögur um aðgerðir í samstarfi við fulltrúa Grindavíkur. Mikilvægt að gera þetta á þeirra hraða og í samræmi við óskir Grindvíkinga.

- Grunnskólamála og frístundaheimili (þar með talið búnaður). Reykjavíkurborg.
- Leikskólamála. Mosfellsbær.
- Málefni barna af erlendum uppruna og börn í viðkvæmri stöðu. Hafnarfjörður.
- Félagsmiðstöðvar unglinga og málefni ungmenna. Kópavogur
- Íþróttir, tónlistarskólar og annað æskulýðsstarf. Garðabær.



Horft er til þess að Reykjanesið, Árborg og Ölfus verði með í þessari vinnu ef það hentar þeim sem og fulltrúar frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga.

Skóla- og frístundasvið og velferðarsvið hafa að beiðni almannavarna þegar unnið að ýmsum tillögum til að aðstoða og koma til móts við Grindvíkinga þegar kemur að fræðslumálum og velferðarþjónustu og er lagt til að sviðin haldi því áfram í samstarfi við Grindavíkurbæ og almannavarnir.

Í ofangreindri samþykkt borgarráðs felst að íþrótt- og menningarsviði verði falið að skoða og útfæra aðgengi fyrir íbúa Grindavíkur að sundlaugum Reykjavíkur og söfnum borgarinnar og að hugað verði að annarri þjónustu í samstarfi við Grindavíkurbæ og í samræmi við beiðnir almannavarna. Börnum og ungmennum verði boðið á æfingar hjá íþróttafélögum án endurgjalds í samstarfi við ÍBR og UMFG. Sérstaklega verði skoðað hvort koma megi á æfingum á vegum UMFG í samstarfi við önnur sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu, sbr. ofangreint.

Lagt er til að íbúar með lögheimili í Grindavík með tímabundna búsetu innan íbúakortasvæða geti sótt um íbúakort sem nánar er útfært í tillögu samgöngustjóra. Þá verði verklag unnið á grundvelli samþykktar til að tryggja samræmt verklag.

Dagur B. Eggertsson
borgarstjóri

Hjálagt:

Tillaga samgöngustjóra um tímabundna heimild til frávika frá reglum um íbúakort vegna neyðarástands.

Íbúakort, heimild til frávika frá reglum um íbúakort vegna neyðarástands, dags. 16. nóvember 2023



TILLAGA

Viðtakandi: Umhverfis- og skipulagsráð

Sendandi: Skrifstofa samgangna og borgarhönnunar, Bílastæðasjóður

Tillaga um tímabundna heimild til frávika frá reglum um íbúakort vegna neyðarástands

Lagt er til að umhverfis- og skipulagsráð samþykki að veita Bílastæðasjóði, tímabundið vegna ríkjandi neyðarástands, heimild til að víkja frá reglum um íbúakort dags. 19. mars 2021, með það að markmiði að íbúar með lögheimili í Grindavík með tímabundna búsetu innan íbúakortasvæða borgarinnar geti fengið íbúakort án greiðslu.

Heimildin gildir frá samþykkt til 31. janúar 2024.

Greinargerð:

Ljóst er að neyðarástand ríkir. Íbúar Grindavíkur hafa þurft að yfirgefa heimili sín vegna hættu á eldgos. Margir íbúar Grindavíkur hafa þurft að flytja í tímabundin húsnæði þess vegna, sumir í sér húsnæði og aðrir inni á heimilum vina og ættingja, jafnvel vandalausra. Með þessari tillögu er lagt til að íbúar með lögheimili í Grindavík með tímabundna búsetu innan íbúakortasvæða geti sótt um íbúakort.

Gert er ráð fyrir að undanþágan nái til:

- kröfu um að að hafa lögheimili innan íbúakortasvæðis, staðfesting á tímabundinni búsetu dugir
- skilyrða um að að hámarki eitt íbúakort sé gefið út á hverja íbúð.
- skilyrða um að ekki sé gefið út íbúakort ef stæði er innan lóðar.
- gjaldskrár íbúakorta.

Verklag verður unnið á grundvelli þessarar samþykktar til að tryggja samræmda meðhöndlun óska en gert er ráð fyrir að tekið verði á móti óskum í gegnum netfangið upplýsingar@reykjavik.is.

Lagt er til heimildin gildi frá samþykkt til og með 31. janúar 2024. Í janúar verður athugað hvort tilefni sé til að framlengja og/eða endurskoða heimildina.

Virðingarfyllst,
Guðbjörg Lilja Erlendsdóttir
Samgöngustjóri



Borgarráð Reykjavíkur
Tjarnagötu 11
101 Reykjavík

Hér með sendist útskrift úr fundargerð umhverfis- og skipulagsráðs dags. 15. nóvember 2023 um eftirfarandi mál:

Íbúakort, heimild til frávika frá reglum um íbúakort vegna neyðarástands

Lagt er til að umhverfis- og skipulagsráð samþykki að veita Bílastæðasjóði, tímabundið vegna ríkjandi neyðarástands, heimild til að víkja frá reglum um íbúakort dags. 19. mars 2021, með það að markmiði að íbúar með lögheimili í Grindavík með tímabundna búsetu innan íbúakortasvæða borgarinnar geti fengið íbúakort án greiðslu.

Heimildin gildir til 31. janúar 2024.

Samþykkt.

Vísað til borgarráðs.

Fulltrúar Samfylkingarinnar, Framsóknar, Pírata og Viðreisnar leggja fram svohljóðandi bókun:

Mikilvægt er að hafa ramma um íbúakort skýran en á sama tíma hafa aðlögunarfærni til að bregðast við á erfiðum tímum sem þessum.

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Þetta er gott og nauðsynlegt mál en ekki alveg ljóst hvernig þetta á að vera í framkvæmd. Íbúakortin eins og þau eru í dag eru frekar ólánslegt kerfi. Einfalda þyrfti reglur um íbúakort og fækka íbúakortsvæðum. Meðal breytinga mætti skoða að leigjendur getir fengið íbúakort án þess að þurfa að ganga til húseiganda og biðja leyfis. Einnig að íbúar í námsmannaíbúðum geti fengið íbúakort. Hætt verði við fjöldatakmarkanir þannig að fleiri en eitt kort geti verið gefið út á hverja íbúð. Eins mætti skoða að hægt verði að fá íbúakort þrátt fyrir að bílastæði sé á lóð umsækjanda. Þetta flókna ferli og hvað íbúum gjaldskylds svæðis er gert erfitt fyrir að eiga bíl er einfaldlega ekki sanngjarnt. Á þetta mun reyna núna þegar við viljum aðstoða Grindvíkinga með að leggja bílum sínum. Fólki er auk þess mismunað eftir því í hvaða pósthúsi það býr.

Glóey Helgudóttir Finnsdóttir
Umhverfis- og skipulagssvið
Skrifstofa stjórnsýslu og gæða